

## FRÉTTIR

### Menntamál til framtíðar

Í sóknaráætlun Norðurlands eystra er fjallað um nauðsyn þess að fjölga úrræðum þegar kemur að tækni- og iðnmenntun og listtengdu námi. SSNE hefur komið að tveimur verkefnum því tengdu.

Annars vegar er verkefni sem miðar að því að innleiða listnám á háskólastigi í landshlutanum og situr menningarfulltrúi SSNE í starfshópi sem vinnur að þeirri útfærslu.

Hins vegar er verkefni sem miðar að því að útfæra möguleikana á fjarnámi á efsta stigi grunnskóla og er það unnið í samvinnu við Tröppu. Starfsfólk SSNE mun kynna verkefnið á haustfundi landshlutasamtakanna sem fram fer í byrjun nóvember. Mikinn lærdóm má draga af reynslunni í Covid-19 faraldrinum og ljóst er að miklir möguleikar felast í fjarnámi í framtíðinni. Í gegnum fjarfundatækni verður hægt að auka námsframboð sem veitir nemendum tækifæri til að stunda fjölbreyttara nám.

Starfsfólk SSNE vinnur styður einnig við ýmis önnur verkefni þar sem horft er til framtíðar í menntamálum. Þar má nefna menntaverkefnið *GERT - grunnmenntun eflid í raunvísindum og tækni* sem unnið var í samvinnu við Samtök iðnaðarins.

Í október hélt Samband íslenskra sveitarfélaga morgunverðarfund um framtíðarskipan skólamála. Starfsfólk hvetur kjörna fulltrúa til að kynna sér það sem fram fór á fundunum [hér](#).

### Smásvæði í hagskýrslugerð

Í október birti Hagstofa Íslands nýja flokkun hagskýrslusvæða. Skilgreind hafa verið 206 smásvæði með íbúafjölda á bilinu 900 og 3.500 manns.

Svæðaskiptingin er gerð vegna manntalsins 2021, en með henni uppfyllir Hagstofan skilyrði manntalsins um að birta hagskýrslur eftir litlum svæðum. Smásvæðaskiptingin var unnin í samvinnu við Byggðastofnun og studd fjárhagslega af Evrópusambandinu.

Um er að ræða mjög mikilvægt skref í að greina upplýsingar niður á smærri svæði og auðvelda alla yfirsýn. Það er ekki tilviljun að talað er um landsbyggðirnar en ekki landsbyggðina í eintölu. Aðstæður er mjög ólíkar á milli landsbyggðanna og upplýsingar um meðaltöl eða samtölur landsbyggðanna segja lítið um stöðuna í Vestmannaeyjum, Egilsstöðum eða Patreksfirði. Sama má segja um samtölur heilla landshluta. Norðurlandi eystra dregur t.d. mjög dóm af stöðunni á Akureyri en síður af því hvernig staðan er á Þórshöfn eða í Mývatnssveit.

### Hæfnihringir fyrir konur í atvinnurekstri

Síðustu vikuna í október hófust hæfnihringir fyrir konur í atvinnurekstri sem sagt var frá í síðasta fréttabréfi. Verkefnið er liður í eflingu kvenfrumkvöðla á landsbyggðinni og byggir á aðferðarfræði, sem kallast aðgerðarnám, en það grundvallast á því að nota raunverulegar áskoranir, verkefni og tækifæri sem grunn fyrir lærdóm. Markmiðið er að aðstoða frumkvöðlakonur til að komast yfir hindranir í fyrirtækjarekstri sínum.

Skráning fór fram úr öllum væntingum og komust töluvert færri að en vildu. Því var ákveðið að endurtaka leikinn eftir áramót og verða þeir Hæfnihringir auglýstir á heimasíðu SSNE. Einkar ánægjulegt var að sjá dreifingu þátttakenda vítt og breitt um landið en verkefnið er samstarfsverkefni 5 landshlutasamtaka. Af 25 þáttakendum eru 5 á Norðurlandi eystra. Unnið er í þremur hópum þar sem 2-3 leiðbeinendur stýra hópa- og heimavinnu hvers hóps en vinnan tekur mið af þeim áskorunum sem meðlimir hópsins standa frammi fyrir. Þar kennir ýmissa grasa en mikið var rætt um áskoranir við markaðssetningu og aðlögun fyrirtækjanna að breyttum markaðsaðstæðum í kjölfar Covid-19. Fundirnir sem halda áfram út nóvember innihalda verkefnavinnu tengda tímastjórnun, forgangsroðun, samræmingu vinnu og einkalífs sem og markmiðssetningu svo eitthvað sé nefnt. Áhugasamir geta sent póst á [rebekka@ssne.is](mailto:rebekka@ssne.is) eða fylgst með fréttum á [www.ssne.is](http://www.ssne.is).

# STYRKJAVERTÍÐIN ENN Í GANGI

## Uppbyggingarsjóður SSNE

Brátt líður að lokum umsóknarfrests til styrkja úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra. Hlutverk sjóðsins er að styrkja menningar-, atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni. Auk þess veitir sjóðurinn stofn- og rekstrarstyrki til menningarmála. Umsóknarfrestur er til kl. 12:00 miðvikudaginn 4. nóvember 2020.

Vegna ástandsins sem ríkir í samfélaginu vegna Covid-19 hefur reynst erfitt að skipuleggja viðverustundir á mismunandi stöðum í landshlutanum. Ráðgjafar Uppbyggingarsjóðs bjóða því upp á rafrænar vinnustofur föstudaginn 30. október og mánudaginn 2. nóvember þar sem farið verður stuttlega yfir umsóknarferlið, frágang umsókna og hagnýt atriði sem geta gagnast umsækjendum. Fyrir þá sem geta ekki nýtt sér þessa þjónustu eða þurfa sértæk ráð vegna sinna verkefna er bent á að hafa samband við:

Ari Páll	aripall@ssne.is	Verkefnastyрkir til atvinnuþróunar og nýsköpunar
Rebekka	rebekka@ssne.is	Verkefnastyрkir til atvinnuþróunar og nýsköpunar
Vigdís	vigdis@ssne.is	Verkefnastyрkir á sviði menningar & stofn-og rekstrarstyrkir á sviði menningar

## A.9 Byggðaaætlun- styrkir til verslana á strjálbýlum svæðum

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur opnað fyrir umsóknir um framlög sem veitt eru til verslana í strjálbýli, sbr. aðgerð A.9 í stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2018-2024. Markmið með aðgerðinni er að styðja verslun í skilgreindu strjálbýli fjarri stórum þjónustukjörnum, þar sem verslun hefur átt erfitt uppdráttar. Framlögin geta nýst til að bæta rekstur verslana og skjóta frekari stöðum undir hann, m.a. með samspili við aðra þjónustu, breyttri uppsetningu í verslunum og bættri aðkomu. Umsóknarfrestur er til miðnættis mánudaginn 30. nóvember 2020.

Nánari upplýsingar má finna [hér](#).

## Minum á C.1 styrki til sértækra verkefna á sóknarætlanasvæðum

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið opnaði í september fyrir umsóknir um framlög sem veitt eru til sértækra verkefna sóknarætlanasvæða, sbr. aðgerð C.1 í stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2018-2024. Sérstök áhersla er lögð á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf og verða verkefni sem hafa jákvæð áhrif á þróun byggðar og búsetu sett í forgang. Landshlutasamtök sveitarfélaga geta fyrir hönd sóknarætlanasvæða sótt um framlög sem í boði eru, en alls verða allt að 76,5 m.kr. veittar til sértækra verkefna svæðanna.

Starfsfólk SSNE hvetur sveitarstjórnir og aðra til að kynna sér vel hvort og hvaða verkefni geti nýst landshlutanum til framdráttar.

Umsóknarfrestur er til miðnættis 16. nóvember 2020. Nánari upplýsingar má finna [hér](#).

## FÓLK FÆRIR STÖRF

SSNE og Akureyrarstofa hafa tekið höndum saman um að vekja sérstaka athygli á þeim möguleika að í mörgum tilfellum megi flytja með sér starf um leið og flutt er á milli landshluta. Þetta hefur lengi verið hægt en eitt af því sem Covid-19 faraldurinn hefur leitt í ljós er að mörg störf er hægt að flytja milli starfsstöðva án nokkurra vandræða. Vinna þarf ekki að vera bundin við ákveðna skrifstofu. Þvert á móti hafa margir náð góðum tókum á því að vinna heima með hjálp nútímatækni eins og fjarfundum og öðrum samskiptaleiðum.

Sífelld fleiri átta sig á kostum fjarvinnu og í því felast tækifæri, ekki síst fyrir landsbyggðirnar, enda hafa störf án staðsetningar lengi verið á stefnuskránni sem mikilvæg byggðaaðgerð. Margt fólk er ekki lengur knúið til að elta atvinnutækifæri milli landshluta heldur er raunhæfur möguleiki að velja staðsetningu út frá öðrum lífsgæðum og taka starfið með sér.

Samstarfsverkefni Akureyrarstofu og SSNE gengur út á að lyfta upp jákvæðum reynslusögum af árangursríkum flutningi starfa hjá opinberum aðilum eða einkafyrirtækjum, kynna flottar fyrirmyndir sem hafa fært störf upp á eigin spýtur. Einnig er mikilvægt að kortleggja aðstæður og vekja athygli á innviðum svæðisins fyrir væntanlega íbúa sem munu vilja flytja til Norðausturlands og taka starfið sitt með.

Jafnframt er í undirbúningi rafrænt málþing um efnið þann 28. janúar næstkomandi undir yfirskriftinni **Fólk færir störf**. Dagskrá verður auglýst áður en langt um líður.

Þokkaleg hefur reynst þörfin þokast nær tímahvörfin. Af einu sterkt hyggðir, sem efla vilt byggðir: "Það er fólkíð sem færir til störfín."

Upp þína ermina brett, úrlausnin reynist þér nett. Ef karl jafnt sem kvinna, svo kotroskin vinna, hvar sem í sveit eru sett.

Höf: Eggert Marinósson

## SKJÁLFTASETRID

Nú stendur yfir vinna við endurhönnun og nútímavæðingu Skjálftasetursins á Kópaskeri. Hönnunaryfirtækið Gagarín ([www.gagarin.is](http://www.gagarin.is)) sem sérhæfir sig í sýningarhönnun og gagnvirkum lausnum var fengið til að koma með tillögur og nú er unnið að því að koma hugmyndunum í framkvæmd.

Lovísa Óladóttir hefur verið ráðin verkefnastjóri hjá Skjálftasetrinu á Kópaskeri. Helsta verkefni Lovísu verður að vinna að þessari endurhönnun og nútímavæðingu á Skjálftaseturssýningunni í Skólahúsinu á Kópaskeri. Lovísa hefur komið að rekstri fjölbreyttra fyrirtækja og meðal annars stýrt hóteli, kvikmyndahúsi og hönnunaryfirtæki. Einnig var hún framkvæmdastjóri Rammagerðarinnar frá 2011 – 2018 en RG rak þá sjö ferðamannaverslanir; þar á meðal stórar verslanir í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Nú fæst hún við vefsíðugerð og verkefnastjórn. Síðastliðinn áratug hafa starfskraftar Lovísu, í stóru sem smáu, snúist um móttöku ferðamanna hingað til lands. Lovísa er fædd og uppalin á Kópaskeri og bjó þar er stóri skjálftinn 13.janúar 1976 reið yfir.

Verkefnið hefur hlotið styrki úr sóknaráætlun, bæði í gegnum Uppbyggingarsjóðinn og sem áhersluverkefni. Styrkirir voru veittir árin 2019 og 2020. Verkefnastjóri Öxarfjarðar í sókn ásamt öðrum starfsmanni SSNE hefur verið verkefninu innan handar og ráðgjafar.



Lovísa Óladóttir með Kópasker í bakgrunni

## TÆRING

**María Pálsdóttir, leikkona og stofnandi Hælisins – setri um sögu berklanna á Kristnesi í Eyjafjarðarsveit, sagði okkur frá sviðslistaverkinu Tæring sem nú er til sýnis á Hælinu. Verkefnið hlaut styrk úr Uppbyggingarsjóði 2020 og er samstarfsverkefni Hælisins og Leikfélags Akureyrar.**



### Hver er aðdragandinn að sýningunni?

Aðdragandinn að sýningunni er eiginlega jafnlangur aðdragandur að Hælinu - setri um sögu berklanna. Ég vissi frá upphafi að mig langaði að láta sögurnar lifna við - tengja leiklist við starfsemina, verandi menntuð leikkona. Og þegar ég var búin að opna Hælið hófst ég handa við að sækja um styrk fyrir handritaskrifum sem ég var svo heppin að fá og gat ráðið leikskáld til að vinna úr efniviðinum, Vilhjálm B. Bragason. Þegar ég fékk styrk úr aukaúthlutun sóknaráætlunar í vor, myndarlegan styrk frá Leiklistarráði og samstarf við Leikfélag Akureyrar gat ég farið að framleiða sýninguna og ráða fleira dásamlegt listafólk í verkefnið.

### Um hvað fjallar verkið?

Verkið fjallar um líf berklasjúklinga á Kristneshæli, er innblásið af bréfaskrifum og dagbókarfærslum þeirra þannig að áhorfendur komast í mikið návígi við Hvíta dauða eða tæringu eins og sjúkdómurinn var stundum kallaður.

### Hverjir koma að sýninginni og hvernig fer sýningin fram á tímum Covid?

Vala Ómarsdóttir leikstýrir, Auður Guðmundsdóttir hannar búninga og leikmynd, María Kjartansdóttir gerði vídeóverk og tók ljósmyndir og Biggi Hilmars sér um hljóðmynd. Leikarar í sýningunni eru Árni Beinteinn, Birna Pétursdóttir, Kolbrún Lilja Guðnadóttir, Sjöfn Snorradóttir, Stefán Guðlaugsson og Ronja Sif Björk/Sigríður Birna Ólafsdóttir. Þetta er mjög covid væn sýning þar sem einungis 10 áhorfendur eru á hverri sýningu og allir eru með grímu.

### Tengist verkið eitthvað okkar tíma?

Berklafaraldurinn kallast mikið á við það sem við erum að glíma við í dag og margir hafa haft á orði að þessi tímasetning sé algjörlega mögnuð - sem hún er.

Á myndunum má sjá brot úr sýningunni en hún samanstendur af ólíkum listmiðum sem yta undir áhrif sýningarinnar.



## SAMTALIÐ

### Ágrip frá framkvæmdastjóra

Fyrsta ársþing SSNE var haldið 9. og 10. október eins og fram hefur komið. Við hefðum mjög gjarnan viljað fá tækifæri til að hitta þingfulltrúa og gesti augliti til auglitis en því miður var ekki hjá því komist að hafa þingið rafrænt. En það er sérstaklega ánægjulegt að rafrænt þing tókst afbragðs vel og var það mjög vel heppnað. Við hjá SSNE erum mjög þakklát fyrir góðar og gagnlegar umræður á þinginu, sérstaklega er okkur gagnleg sú umræða sem fram fór í hópavinnu á þinginu þar sem við fengum margar góðar ábendingar frá þingfulltrúum um áherslur og viðfangsefni til að vinna með. Við erum líka mjög þakklát fyrir allt það frábæra hrós sem við fengum á þinginu. Það er okkur hvatning til að halda áfram öfluglu starfi og við erum þegar byrjuð að vinna með ábendingarnar og tökum þær inn í starfsáætlun 2021 og inn í vinnu með sóknaráætlun. Á 16. fundi stjórnar SSNE 28. október fóru stjórn og starfsfólk yfir ábendingar og samþykktir frá ársþinginu og skipulögðu framhald úrvinnslu þeirra.

Fundur var haldinn með sveitarstjórum á svæðinu 23. október en kjörnum fulltrúum stendur til boða að sitja fundina einnig sem eykur mjög möguleika á miðlun upplýsinga til þeirra. Inn á fundinn komu þeir Jón Þorvaldur Heiðarsson og Þóroddur Bjarnason og ræddu áhrif samgöngubóta/-breytinga á samfélög og íbúapróun. Erindi þeirra voru mjög áhugaverð og góðar umræður sköpuðust um þessi mikilvægu mál.

Eitt af stóru verkefnum sem SSNE er að vinna að um þessar mundir er endurskoðun byggðaaætlunar. Þegar hafa nokkrir fundir verið haldnir með samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og Bygðastofnun, þar á meðal var stór fundur haldinn 19. október með sveitarstjórnarfólki innan SSNE. Þessu mikilvæga verkefni verður framhaldið á næstu misserum.

Enn erum við að fást við heimsfaraldur af völdum Covid-19 og SSNE leggur áfram áherslu á að vera sveitarfélögum og öðrum hagaðilum til stuðnings á þessum erfiðu tímum. Við höfum, allt frá því að þessi vágstur mætti, sett það í forgang að vera til staðar, til samtals og til stuðnings. Við hvetjum aðila til að leita til okkar ef við getum lagt þeim lið eða stuðning.


Framkvæmdastjóri er steinhættur öllum ferðalögum um svæðið á meðan smithætta er jafn mikil og nú er og viðvera mín á öðrum starfsstöðvum utan Akureyrar er ekki raunhæf eins og er. En svona til að enda á jákvæðum nótum þá getum við fagnað sérlega mildu og góðu hausti og við njótum hagstæðra skilyrða frá náttúrunnar hendi. Það er alltaf eitthvað gott að gerast.

Með kærri kveðju, Eypór Björnsson

### Viðverutímar starfsmanna- Starfsmenn SSNE vinna á fimm starfsstöðvum

**Húsavík-** Baldvin og Ari eru þar flesta daga vikunnar á milli 9:00 og 16:00. Silja er alla daga vikunnar nema þriðjudaga. Eypór er þar tvo daga í viku þegar Covid leyfir, Meginreglan er að hann sé þar miðvikudaga og fimmtudaga en það er nokkuð breytilegt eftir dagskrá hverrar viku. **Akureyri-** Elva, Rebekka, Helga María og Vigdís eru þar alla daga vikunnar á milli 9:00 og 16:00 **Bakkafjörður-** Ólafur Áki er með starfsstöð á Bakkafirði en viðvera er mismunandi. **Raufarhöfn-** Nanna Steina er þar alla daga vikunnar nema föstudaga á milli 9:00 og 16:00 **Kópasker-** Lotta er með starfsstöð en viðvera er mismunandi. **Grímsey-** Karen Nótt er þar flesta daga á milli 9:00 og 16:00 Vinsamlegast notið ykkur síma eða tölvupóst til að skipuleggja fundi því þó svo viðvera sé tiltölulega föst þá er betra að vera búin að tryggja að starfsfólks sé til staðar. Allar tenglaupplýsingar má finna [hér](#).

## KJÖRDÆMAVIKA



Í síðustu viku var haldin kjördæmavika á Norðurlandi eystra sem var á Zoom að þessu sinni. SSNE skipulagði dagskrá þingmanna og voru fundirnir margir og vel sóttir. Gott samtal átti sér stað milli þingmanna, sveitarstjórnarfólks, fyrirtækja og stofnana.

## ÁRSÞING SSNE

Ársþing SSNE var haldið rafrænt 9. og 10. október sl. Þrjú erindi voru flutt á þinginu; Sesselja Ingibjörg Barðdal Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Eims, kynnti stefnu, markmið og framtíðarsýn félagsins ásamt Ottó Elíassyni, þróunarstjóra Eims. Oddur Már Gunnarsson, forstjóri Matís, kynnti áform Matís um uppbyggingu starfsstöðva á landsbyggðunum og samning þess efnis við ríkið.

Á lokum kynntu Halldór Sigurður Guðmundsson, framkvæmdastjóri Öldrunarheimila Akureyrar, og Sigurður Einar Sigurðsson, framkvæmdastjóri Lækninga á SAK, miðstöð velferðar- og heilbrigðistækni á Norðurlandi.

Fundarstjóri var Hilmar Gunnlaugsson og mættu um 60 gestir. Þingið var haldið í fyrsta skipti í gegnum fjarfundarbúnað og tókst vel til að mati fundargesta. Ljóst er að fjarfundarbúnaður getur aukið skipuleg samskipti sem hingað til hafa verið háð veðri, vindum og fjarlægðum.

